Árni Eggertson um sæti í borgarráðinu; sæti það er svipað eins og ráðgjafastaða í fylkisstjórninni og veitir þeim, sem þar eiga sæti, afarmikil áhrif á öll starfsmál borgarinnar. En jafnvel þá unnu margir Íslendingar á móti kosningu hans, svo að hann beið ósigur með litlum atkvæðamun.

Mér finst þetta benda á, að landar vorir kjósi helzt að varna því, að vér náum hér nokkrum atvinnulegum eða öðrum áhrifum í bæjarstjórninni, og meðan svo gengur, verðum vér ekki metnir af hérlendu þjóðinni eins og eg tel nauðsynlegt, að við séum metnir, til þess að vér náum þeim áhrifum, sem tryggi okkur vel launaðar stöður og aðra atvinnu í landinu.

Sá eini Íslendingur, sem hefir átt því láni að fagna, að ná nokkurnveginn eindregnu fylgi Íslendinga í framsóknarbaráttu sinni, er Hon. Thos. H. Johnson. Það fylgi hafði hann víst áreiðanlega við síðustu fylkiskosningar. Hugsum okkur, að fyrir tviskifting Íslendinga hefði hann þá tapað kosningu, þá hefði hann að sjálfsögðu ekki orðið ráðgjafi opinberra verka, og þá hefði að líkindum ekki heldur vinur okkar Þorsteinn Borgfjörð haft þau atvinnuráð við þinghússbygginguna, sem hann hefir haft þar nú á annað ár. Hvað hefði þá orðið um atvinnu fyrir þann fjölda fátækra fjölskyldu manna af okkar þjóðflokki, sem hann hefir veitt þar atvinnu?

Öll framför í heiminum er háð því, að sonurinn hafi frumlegri hyggju en faðirinn, og að dóttirin nái ljósari skilningi á tilverunni og tilgangi hennar heldur en móðir hennar hafði. Með öðrum orðum: að hver ný kynslóð fái sjón á einhverjum mikilvægum sannleika, sem eldri kynslóðir ekki hafa komið auga á. Eg vona, að okkar uppvaxandi kynslóð nái sjónar á þeim sannleik, að einangrun þjóðflokksins frá hérlendu þjóðlífi miði ekki til framtíðarheilla.

Einn aðal-ókostur okkar Íslendinga er það, að við erum ekki það, sem á hérlendu máli er nefnt: **'Public Spirited Men'**. Okkur virðist vera ógeðfelt, að samlaga okkur öðrum meðborgurum okkar, eða að vinna með þeim að framgangi félagsmálanna eins og við ættum að gjöra. Þetta hindrar þroska okkar og velmegun. Á þessu vildi eg að breyting gæti orðið, og þess vegna vil eg nú mælast til þess, að þér foreldrar, sem hafið umsjá og ábyrgð á uppeldi og mentun hinnar uppvaxandi kynslóðar, leggið lið ykkar til þess, að innræta hjá henni þann **'Public Spirit'**, sem örvi hana, þegar hún nær fullorðinsárunum til þess að vinna með áhuga og í einingu við aðra samborgara hennar að öllum þeim málum, sem miða til þess að auðga og efla hvern þeirra sem einstakling og land vort alt í heild sinni.

ALLIR FÚSIR AÐ FARA.

Þess hefir verið getið, að japanskur prins einn gekk nýlega fram fyrir keisara Japana og bað um leyfi til að fara í stríðið og berjast með Rússum móti Þjóðverjum. Prins þessi hafði þó barist snarplega móti Rússum, þegar stríðið var milli Japana og Rússa; en nú var svo breytt, að hann vildi leggja líf sitt við þeirra líf. Keisari varð vel við bón hans og vildi ekkert letja prinsinn eða banna honum förina, en vildi þó ráðgast um þetta við ráðgjafa sína.

En er þeir fóru að ræða málið, kom það upp, að ef stjórnin leyfði prinsinum að fara, þá gæti hún ekki bannað öðrum, sem fara vildu. En hugur Japana var svo sterkur með Bandamönnum, að ráðgjafarnir töldu víst, að ef prinsinn fengi leyfið, myndi helmingur allra fullvaxinna manna í Japan verða óðir og uppvægir að fara. Keisari varð því að banna prinsinum ferðina; en sagt er, að ekki verði hart á því tekið, þó að hann kunni að flaumast burtu. — Og víst er það, að talsvert margir Japanar eru að berjast með Rússum, og eins hitt að stjórn Japana hefir boðið Bandamönnum að leggja þeim lið, en þeir vilji ekki fara á stað, nema þeir hafi nokkur hundruð þúsund af hermönnum. — Þeir vilji ekki fara á stað, nema þeir geti látið eitthvað ganga.

Svar til E. E. Vatnsdal.

Herra ritstjóri!

Góðkunningi minn, herra E. E. Vatnsdal, leitar í gegnum blað þitt upplýsinga frá mér um það, hvernig á því standi, að í Saskatchewan fylkis reikningunum fyrir árið 1912 sé sýnd borgun fyrir vegabót í sambandi við Section 9, og 4. T. 31. R. 11. W. 2. En þær Sectionir séu þar ekki til.

Í stuttu máli er um þetta það að segja, að, eins og kunnugt er, þá er vanaleg breidd á Townshippum 6 mílur. En þetta Township, 31.—11., er að því leyti undantekning frá reglunni, að það er að eins 4 mílur Vantar sunnan á það 2 mílur.

Nú er Section 4. venjulega í suðurjaðri á Townshippi. Á hennar hlið að norðan Section 9. Þar fyrir norðan Section 16.

Það er því þetta, sem villunni veldur, að í þessu vanskapaða Townshippi, er Section 16 á suðurjaðri, þar sem vanalega er Section 4. Þar næst norður af er Section 21, þar sem annars vanalega er Section 9.

Í reikningunum hefði því átt að standa Section 16. og 21., þar sem nú er Section 4. og 9.

Þetta er auðvitað vangá eða ritvilla hja einhverjum, sem hlut hefir átt að máli við þessa vegabót. Hefir ekki gætt þess, að í þessu tilfelli var Section 16. fast suður við Township línu, þar sem í öllum öðrum tilfellum er Section 4. að finna.

Vona eg nú, að á þessu geti herra Vatnsdal áttað sig.

Ymislegt fleira kveðst hann hafa fundið í þessum reikningum, sem hann ekki skilji. Eg skal ekkert rengja það. Grein hans ber það með sér. Til dæmis litur hann svo á, að þar sem stafurinn S. stendur á undan Sectiona tölum, sé það skammstöfun fyrir South, sem hann því í grein sinni kallar "suður af".

En þetta S. þýðir hvergi í vegabótareikningunum það sem hann heldur. Það er skammstöfun fyrir orðið **Section**.

Nærri má geta hvílíkum herfilegum glundroða slíkur misskilningur getur valdið.

Ef til vill væri rétt að geta þess, að það stendur hvergi í reikningum þessum, að W. H. Paulson hafi borgað út neina peninga í sambandi við þessa umræddu vegabót, þó þannig sé að orði komist hjá herra Vatnsdal. Það þarf tæplega að taka fram, að eg hefi aldrei haft með höndum né borgað út eitt einasta cent af vegabótafé þessa fylkis. Þetta hélt eg að herra Vatnsdal væri kunnugt, sem sjálfur hefir verið verkstjóri í kjördæmi mínu. Eg mælti með honum til þess starfs og hélt því handa honum eins lengi og mér var unt. En hann veit sjálfur, að afskifti af borgun til hans eða manna hans, hafði eg engin.

Skyldi nú, mót von minni, vinur minn Vatnsdal ekki láta sér nægja ofanskráðar upplýsingar, þá, til vara, tek eg það fram hér, eitt skifti fyrir öll, að eg er óðfúsleugur til að ræða um þessi reikningamál í blöðum, þó eg hafi gjört það í þetta sinn.

Vel kannast eg við rétt kjósenda til að leita upplýsinga hjá þingmanni sínum og leggja fyrir hann spurningar. Líka finn eg það skyldu mína, að afgreiða alt slíkt eftir bezta megni. En það á enginn heimtingu á því, að eg leggi út í reikninga þras í blöðum, sem gefin eru út í öðru ríki. Þeir, sem í einlægni æskja upplýsinga, í slíkum efnum, vita líka vel, að það er hvorki eðlilegasti né greiðfærasti vegurinn.

En fari nú svo, að herra Vatnsdal æski einhverra fleiri upplýsinga viðvíkjandi vegabóta reikningum í kjördæmi mínu, þá býð eg honum, eða öllu heldur bið hann, í allri vinsemd, að finna mig að máli, þar sem mér yrði margfalt auðveldara að skýra málin, heldur en með blaðagreinum.

Nægi honum ekki þær upplýsingar, sem eg get þannig látið í té, býð eg honum hér með að fara með honum til Regina, honum kostnaðarlaust, og skal eg þar ábyrgjast honum greiðan aðgang að hverjum vegabótareikningi og útborgunarskirteini, sem hann óskar, í öllu mínu kjördæmi, og yfir alt tímabilið, sem eg hefi verið þingmaður.

Finni hann þar nú nokkuð það, sem honum þykir grunsamlegt, þá er hægurinn hjá, að leggja það fyrir hina konunglegu vega-rannsóknarnefnd, sem nú situr í Regina, og lofast eg til að vera honum hjálplegur við að koma því þar á framfæri.

Svo þakka eg þér, herra ritstjóri, fyrir vinsamlegt tilboð þitt, að birta svar frá mér.

Leslie, 28. okt. 1916.

W. H. Paulson.

Nýir kaupendur ættu að nota sér kostaboð Hkr., sjá augl

Baldwin L. Baldwinsson

SEXTUGUR.

26. október 1856—26. október 1916.

OMNE SOLUM FORTI PATRIA

HÁLFT STÓRT-HUNDRAÐ ár hafa æfintýr grætt
úr ómældum tímanna sjóð
(og heimurinn sjálfan sig bramlað og bætt,
en blómgvast vor íslenzka þjóð),
frá stund þeirri, er sveinbarn eitt svefninum frá
af sólu í starfsheim var kvatt.
Sá dugnaðarvargur varð drengurinn sá,
að dimmuna hann starfsviðjum batt.

Hann mældi aldrei tímann frá morgni til kvelds,
en miðaði hann aðeins við það,
sem þörf krafði vinnu — unz unnið var alt
og alt sett á tiltekinn stað.
Og elja og regla og útsjón og fjör
og afburðar kunnáttan sú,
að starfrækja andann, sem guð honum gaf,
til gæfulands var honum brú.

Eg heyrði eitt sinn, Landa einn, lýsa honum svo:
"Svo logandi er maðurinn 'smart'
hann Baldwin L. Baldwinsson getur gert alt".
Hann gert hefir — svo er víst — margt.
Og framsóknarmaður á fjölmarga lund,
hann frumbyggjum hollráður var,
og djarfur og hreinn og beinn hvívetna í,
og hjálpsamur, orðrækinn, snar.

Og hrókur alls fagnaðar, framkvæmdum jafnt,
í félagslífs starfinu hann var.
Og kappræður vantaði sykur og salt
ef sást ekki Baldwinsson þar.
Og engum er kunnugra um alt okkar brask
og enginn — ja, leitaðu að þeim! —
sem fleiri hafa handtök og liðsyrði lagt
í Landans garð vestur í heim. — —

Vér vitum ei ennþá hver örlög vort brot
í alþjóða deiglunni fær.
Það er ekki búið að þræða það enn —
og Baldwin — sá frestur er kær.
Því öllum er helgast að standi það starf,
sem stofnsett af öllu því var,
sem sannast og göfgast í sjálfum oss bjó,
en sökkvi ei í botnlausan mar.

Því þrátt fyrir — þrátt fyrir altsaman — alt,
er íslenzk þín lífsbraut og verk.
Þótt starfið sé unnið á erlendri grund,
er eyfirzka náttúran sterk.
Hún knúði þig áfram til frama og fjár
og foringja-stafinn þér gaf. —
Vort land þakkar sæmd eftir sextíu ár,
því sæmdina ei fjarlægir haf.

Og vér, sem nú sitjum hér saman í kveld,
og sýnist oft hitt eða það,
með alskonar skilningi — alskonar trú
og alskonar? — guð veit bezt hvað!
— vér öll erum sammála og samdóma um það,
að samtíð vor styrks hjá þér naut,
og vottum þér einlæga alúðarþökk,
og árnum þér heilla á braut! — —

Hálft stórt-hundrað ár hafa æfintýr grætt
úr ómældum tímanna sjóð,
frá stund þeirri, er sveinbarn í sólheim var fætt,
— sá sveinn var af íslenzkri þjóð.
Hann bjó sér til sögu í æfintýra ætt
í útlöndum ruddi sér slóð.
Sú saga er ei öll skrifuð — ennþá ei hætt —
þótt endi eg til Baldwins mitt ljóð.

Þorsteinn Þ. Þorsteinsson.

Til B. L. Baldwinssonar

Á 60 ára afmæli hans 26. október 1916.

UNGUR gegnum brim og boða
Baldvin þessa komstu leið,
til að læra, leita, skoða,
löndin nema frjóf og breið.
Vígt af morgun vonar roða
við þér brosti fagurt skeið.

Þú varst snemma snar að verki,
snjall með dug og heilnæm ráð;
djarfur lyftir lýðs þíns merki,
lands við hjarta fanstu dáð.
Víkings ættar viljinn sterki
vann í sókn, af kappi háð.

Fram í broddi Frónskra lýða
fylgi þú oss veittir traust.
Mark þitt var að starfa, stríða,
stefna djarft og kviðalaust.
Enn þá brennur ásku tíða
eldur, þó að komi haust.

Lengi fóstu landa milli,
lýstir þjóð um höfin víð;
ýmsra fékkstu hrós og hylli,
hinna bitur orð og stríð;
örva hriðin hörð þó skilli
hélstu velli alla tíð.

Sex við tugi ára ýtur
enn þú prýðir landnáms reit;
hetja, lífs á hólmi nýtur,
hjör þinn glæstur jafnan beit!
Þökk og virðing því nú hlýtur
þú frá vorri bræðra sveit.

Þó að dómur lífsins laga
leggi hold í grafar skaut,
skýr þín verður skrifuð saga,
skærar rúnir merkja braut,
þar sem leið vor liðna daga
lá í gegnum strit og þraut.

M. Markússon.

Tone Regulating a Specialty. Phone: Garry 4147

Gerald H. Steel

Útlærður að stilla Piano.
Tíu ár hjá Mason & Risch.

Gjörir við Pianos.
Alt verk ábyrgst.

672 Agnes Street
WINNIPEG

Reyndur og áreiðanlegur skraddari fyrir unga og gamla Íslendinga.

H. GUNN & CO.

NÝTÍSKU SKRADDARAR

Öll nýjustu snið og nýjustu fataefni ávalt á reiðum höndum.

370 PORTAGE AVE. WINNIPEG, MAN.
Fluttur frá Logan Ave. Phone: Main 7404

Vér kennum PITMAN Hraðritun.

Success

Vér kennum GREGG Hraðritun.

BUSINESS COLLEGE

Horninu á Portage og Edmonton
Winnipeg - - Man.

DEILDIR AF SKÓLANUM FRÁ HAFI TIL HAFS.

Tækifæri

Það er stöðug eftirspurn eftir fólki, sem útskrifast hefir frá SUCCESS skólanum. Hundruð af bókhöldurum, Hraðriturum, Skrifstofustjórum og Skrifurum geta nú fengið stöður. — Byrjið í dag að undirbúa yður. Takið tækifærin, sem berast upp í hendur yðar. Leggið fé í mentun, — ef þér gjörið það, þá borgar það sig margfalda renta, og vandamenn yðar og vinir verða stoltir af yður. — SUCCESS skólinn er tilbúinn að undirbúa yður fyrir tækifærin.

SKRIFIÐ YÐUR INN STRAX Í DAG!

Yfirburðir

Beztu meðmælin eru tiltrú fólksins. Það skrifa sig árlega fleiri stúdentar inn í SUCCESS, en í alla aðra verzlunar skóla Winnipeg borgar samantalda. Skóli vor er æfinlega á undan öllum öðrum í nýjustu hugmyndum og tækjum, sem kenslunni við kemur. "Billegir" og "Privat" skólar eru "dýrir" á hvaða "pris" sem er. Allar vorar kenslugreinar eru kendar af sérfræðingum. Húspláss og áhöld öll er margfalt betra en á öðrum skólum. Standið nám á SUCCESS skólanum. Hann hefir gjört — success í starfi sínu frá byrjun. — SUCCESS vinnur.

SUCCESS skólinn heldur hæstu verðlaunum fyrir vélritun í öllu Canada.

SKRIFIÐ YÐUR INN HVENÆR SEM ER.

Skrifið eftir skólaskrá vorri.

Success Business College, Ltd.

F. G. GARBUTT, Pres. D. F. FERGUSON, Prin.

JIFFY STARTER

fyrir **FORD** Bifreiðar

HANDHÆGUR NÝR VEGUR.

Allir geta sett vélina á stað með Jiffy.
Engri sveif að snúa í forinni
Engin áreynsla á úlnliðina.
Einfalt, rétt tilbúið, ábyggilegt og ódýrt.

HANDHÆGUR NÝR VEGUR. **Pris: $15.00**

ROTHWELL & TRUSCOT

Western Canada Distributors.
290 GARRY STREET, WINNIPEG.